

Hagsmunatrygging fyrir íslensk fiskiskip

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Hagsmunatrygging fyrir íslensk fiskiskip

1. gr.

Þessi vátrygging er hrein hagsmunatrygging og samþykkir félagið að vátryggður eigi tryggingarhæfa hagsmuni, er nemur því vátryggingarverði, sem ákveðið er í 3. gr.

2. gr. Hið vátryggða

Hið vátryggða eru þeir hagsmunir vátryggðs, sem bundnir eru við útgerð skipsins.

3. gr. Vátryggingarverð

Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið, en það má þó ekki hærra vera en 1/5 hluti af vátryggingarverði skipsins, eins og það er ákveðið samkv. 3. gr. í húftryggingarskilmála.

4. gr. Það sem bætt er

Félagið greiðir bætur, þegar algert tjón verður á skipinu, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins.

5. gr. Upphæð tjónabóta

Ef skipið verður fyrir algeru tjóni, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins, bætir félagið hagsmunatjónið með því að greiða vátryggingarverðið.

6. gr. Viðbótariðgjöld

Ef félagið á rétt á viðbótariðgjaldi samkv. húftryggingarskírteininu, vegna framlengingar vátryggingarinnar, aukinnar áhættu o.fl., ber því einnig hlutfallslegt viðbótariðgjald vegna þessarar vátryggingar.

7. gr. Almennt ákvæði

Hagsmunatrygging þessi er einungis seld með húftryggingu fiskiskipa og um vátrygginguna gilda sömu vátryggingarskilmálar og um húftryggingu fiskiskipa, eftir því sem við á, nema annað sé fram tekið.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.